

## REGLUGERÐ

### um móttöku, flokkun og mat ullar.

#### 1. gr.

Öll ull, sem framleidd er í landinu og til sölumeðferðar kemur, skal flokkuð og metin eftir lit og gæðum í einhvern eftirtalinna flokka:

Úrvalsflokkur: Hvít ull, lítið þófin, laus við rauðgular illhætur, fremur togfín, laus við stækjugulu og klepra, óveðruð, læra- og kviðarull tekin frá.

- I. flokkur: Öll önnur hvít ull, sem ekki er skemmd.
- II. flokkur: Mislit ull, sem ekki tilheyrir hreinum litum, þar með talin óskemmd læra- og kviðarull úr S, G og M og ull með mjög miklu magni af rauðgulum illhærum.
- III. flokkur: Gölluð ull, hvít og mislit t.d. kleprauull, harðir flókar, ull með rusli og mori og önnur ull, sem að einhverju leyti er verulega gölluð, þó söluhæf.
- S: Svört ull, ógölluð, hreinn litur læra- og kviðarull tekin frá.
- G: Grá ull, ógölluð, læra- og kviðarull tekin frá.
- M: Mórauð ull, ógölluð, hreinn litur, læra- og kviðarull tekin frá.

#### 2. gr.

Við móttöku skal vega ullina og meta hana. Komi ullin flokkuð frá framleiðanda og standist sú flokkun að dómi ullarmatsmanns, skal þess getið sérstaklega á innleggsnótu.

Við flokkun hjá ullarframleiðanda skal hverju heilu reyfi fundinn staður í einhverjum þeirra flokka, sem getur í 1. grein, en reyfum skal almennt ekki skipt í sundur við flokkun. Þó skal læra- og kviðarull tekin úr úrvalsflokki og hreinum litum, og gölluð ull skal tekin úr öllum flokkum nema III. flokki.

Mat við móttöku skal fyrst og fremst fólgið í því að kanna, hvort flokkun frá ullarframleiðanda stenst og leiðrétt það, sem ábótavant er.

Komi ullin óflokkuð frá ullarframleiðanda, getur matsmaður á móttökustað sent ullina merktá innleggjanda til mats í ullarþvottastöð.

Verði ágreiningur við móttöku um flokkun eða mat ullar, geta aðilar óskað skriflega úrskurðar yfirullarmatsmanns þess svæðis sem viðkomandi ullarmatsmaður starfar innan.

Við ullarþvottastöðvar skulu starfa löggiltir ullarmatsmenn einn eða fleiri. Störf þeirra heyra undir yfirullarmatsmann þess svæðis sem stöðin starfar á.

#### 3. gr.

Við móttöku skal metin rýrnunarþröskur á ull. Þá skal metið, hvort ullin rýrnar lítið, í meðallagi eða mikið eða hvort um klepra- eða sandull sé að ræða. Við rýrnunarmat skulu eftirfarandi reglur notaðar:

Ull með meðalrýrnun er feit en sandlaus, eða fitulítill með sandskellum.

Þurr og hrein ull er fitulítill, sand- og klepralaus og létt í sér. Rýrnun 11% minni en meðalrýrnun.

Feit og óhrein ull og ull með allstórum sandskellum, en ekki óeðlilega þung í sér telst rýrna um 11% umfram meðalrýrnun.

Sand- eða kleprauill, sem í er mjög mikið af sandi eða öðrum óhreinindum, þannig að reyfin séu óeðlilega þung miðað við fyrirferð, svo og óeðlilega rök ull, telst rýrna um 29% umfram meðalrýrnun.

## 4. gr.

Á innleggsnótu skal tilgreint, hve mörg kg. ullarinnleggjandi hefur fengið í hvern gæðaflokk og hversu mikið hver gæðaflokkur skv. 1. gr. vikur frá meðalrýrnun sbr. 3. gr.

## 5. gr.

Lögreglustjóri skipar ullarmatsmenn eftir tillögum yfirullarmatsmanna. Ullarmatsmenn skulu, áður en þeir taka til starfa, undirrita drengskaparheit um að rækja starf sitt af alúð og samviskusemi og fara eftir þeim reglum, sem settar eru um það. Lögreglustjóri stílar þeim heitið.

## 6. gr.

Ullarmatsmaður má ekki eiga hlut í því félagi, sem hann starfar hjá. Félagar í samvinnufélagi eru undanþegnir. Hann má ekki þiggja neina aukabóknun hjá þeim, sem söluna annast, en gæta fyllstu samviskusemi í starfi.

## 7. gr.

Sýni ullarmatsmaður vanrækslu í starfi, hlutdrægni við mat eða leysi það illa af höndum að dómi yfirullarmatsmanns, er yfirullarmatsmanni heimilt, í samráði við ullarmatsformann, að vikja honum frá um stundarsakir. Þessa ákvörðun skal kynna lögreglustjóra, sem þá vikur hinum brotlega ullarmatsmanni úr starfi og skipar annan í hans stað. Ríkissjóður greiðir laun til ullarmatsmanns sem vikið er frá starfi af yfirullarmatsmanni, frá því honum er sagt upp, þó aldrei lengur en 1 mánuð frá uppsagnardegi.

## 8. gr.

Þeir einir geta hlotið réttindi sem ullarmatsmenn, sem eru á aldrinum 20 til 70 ára og hafa öðlast þekkingu á flokkun og mati ullar. Þeir verða að geta greint liti á ull.

## 9. gr.

Yfirullarmatsmaður skal skera úr um ágreining, ef verður, um flokkun og mat á ull, innan sjö daga frá því að honum berst skrifleg ósk um úrskurð. Þennan frest má þó lengja ef veður eða færð sannanlega hamla samgöngum.

## 10. gr.

Óski kaupandi eða seljandi ullar eftir úrskurði yfirullarmatsmanns, skal ullin kyrrsett og geymd innanhúss þar til yfirmat hefur farið fram.

## 11. gr.

Yfirullarmatsmenn hafa þessi starfssvæði:

1. Frá Skeiðarársandi vestur um land að Gilsfjarðarbotni.
2. Frá Gilsfjarðarbotni um Vestfirði til Hrutafjarðarbotns.
3. Frá Hrutafjarðarbotni um Norðurland að mörkum Norður-Múlasýslu.
4. Norður-Múlasýsla suður um land að Skeiðarársandi.

## 12. gr.

Yfirullarmatsmenn skulu fylgjast með því, að farið sé eftir reglum, sem ráðherra setur um flokkun og mat á ull. Þeir skulu vera til leiðbeiningar framleiðendum

og ullarmatsmönnum á námskeiðum og fundum, sem til er stofnað um flokkun og mat á ull.

## 13. gr.

Yfirullarmatsmaður gefur ullarmatsformanni árlega yfirlit um störf sín í þágu ullarmatsins.

## 14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um flokkun og mat ullar nr. 21/1976 til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur um flokkun og mat á óþveginni ull nr. 108 frá 10. júlí 1944.

*Landbúnaðaráðuneytið, 8. desember 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 208/1971 fyrir Þroskaþjálfaskóla Íslands.**

## 1. gr.

14. gr. hljóði svo:

Laun nemenda á öðru námsári skulu vera 50% af launum þroskaþjálfara og nemenda á þriðja ári 75% meðan á námi stendur.

Nemendur sem hófu nám í skólanum haustið 1976, eða síðar skulu ekki taka laun á námstímanum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 15. gr. laga nr. 53/1967 um fávítastofnanir og öðlast gildi 1. janúar 1977.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. desember 1976.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUR**

**um tilnefningu fulltrúa í námsstyrkjanefnd.**

## 1. gr.

Fulltrúar samtaka skólanemenda sem lög nr. 69/1972 ná til skulu tilnefna, af sinni hálfu einn fulltrúa í námsstyrkjanefnd til eins árs, sem hér segir:

- a) Stjórn Landssambands íslenskra menntaskólanema (LÍM) skal tilnefna einn fulltrúa annað hvert ár til eins árs í senn.
- b) Stjórnnum félaga þeirra skóla á höfuðborgarsvæðinu sem ekki eru aðilar að Landssambandi íslenskra menntaskólanema skal gefinn kostur á að tilnefna fulltrúa annað hvert ár og í fyrsta skipti fyrir árslok 1976.